KVENNALISTINN
LANDSFUNDUR 29.-30.10., 1983.

Á L Y K T U N

Kvennalistinn vekur sérstaka athygli á málefnum unglinga og þá einkum nauðsyn þess að horfast í augu við vandamál aukinnar fíkniefnaneyslu.

Kvennalistinn beinir því til þeirra sem í hlut eiga að orsakir og afleiðingar fíkniefnaneyslu verði kynntar í skólum, í fjölmiðlum, og hvar sem því verður við komið.

Einnig vekur kvennalistinn athygli á nauðsyn þess að komið verði upp athvörfum fyrir börn og unglinga sem eiga í erfiðleikum m.a. vegna fíkniefnaneyslu.

HÓPUR UM VARNIR GEGN FÍKNIFFNANEYSLU

Á fundi Kvennalistans þann 16. nóvember sl. var stungið upp á Guðrúnu Sæmundsdóttur, Hafnarfirði sem forsvarsmanni hóps um fíkniefnamál. Hér með er auglýst eftir áhugasömum konum til starfa í hópnum.

Vinsamlegast látið skrá ykkur hjá Ínu á skrifstofu Kvennalistans í síma 13725. Skrifstofan er opin kl.14-18. Einnig má skrá sig hjá Guðrúnu en heimasími hennar er 52844. Hún er heima eftir kl. 18.

PRÓFARKALESARI!

Okkur vantar prófarkalesara fyrir fréttablaðið. Hafið samband við Ínu í síma 13725.

Ritnefnd fyrsta fréttabréfs Kvennalistans

Anna Ó. Björnsson
Eygló Stefánsdóttir
Margrét Sæmundsdóttir

Ábyrgðarmaður: Ína Gissurardóttir